



Konráð Rúnar Friðfinnsson 18 ára gamall. Myndin er tekin um borð í bv Maí árið 1971 (hugsanlega nóvember) og á togarinn stutt eftir inn til Hafnarfjarðarhafnar eftir beit túra sem tóku alls um sex vikur.

Maí Gk 346 var fyrsti togari sem Konráð starfaði á og Halldór Halldórsson fyrsti togaraskipstjórinn. Kom ráðningin um vorið 1970 og gildi til haustsins. Eftir slippinn sem skipið fór í árlega.

1971, um haustið, kom hann aftur um borð og sigldi sína fyrstu siglingar.

Beit túrar voru túrar sem farið var í án þess að koma fyrst við heima og gefa köllunum frí. Beit túr merkti því tvær siglingar og siglt heim eftir þá síðari. Beit túrar íslenskra togara voru fráleitt óalgegnir á þessum árum.

Sumir útgerðir sendu togara sína í þrjá beit túra sem reikna má með að hafi verið um tveggja mánaða törn. Minnr að á þessum tíma hafi útgerðin þurft sérstakt leifi ráðuneytis til slíks. Tveir túrar í beit voru heimilir.

Afli Maí GK 346 í þessum tveim túrum var yfir fimmhundrað tonn af stórufsa sem fengin var á svokölluðu Síðugrunni sem sjómenn vita hvar er. Allur afli var seldur á Þýskum fiskmarkaði og fékkst gott verð fyrir.

Hlutur háseta úr þessum tveim túrum Maí GK var yfir eitt hundrað þúsund krónur og þótti vel í lagt á þessum árum.

Oft voru haustin og siglingarnar til annaðhvort Þýskalands eða Englands tíminn sem hvað mest lyfti upp launum togarasjómannna, það er undirmanna skipanna, sem ekki voru nú sérlega há á þessum tíma. Fyrir utan það voru siglingarnar ágætis tími um borð.

**Skoðum nokkrar myndir frá beit túrnum um borð í togaranum Maí GK 346 haustið 1971.**



Villi háseti (Vilhjálmur Stefánsson) húkkar talífunni í (stóra gilsinum)



Gunni Guðmunds háseti á frívakt (Gunnar Guðmundsson)



Kjarri Kjartans háseti á frívakt. (Kjartan Kjartansson)



Skipshundurinn Bjössi (Fékk nafn af leigubílstjóra í Hafnarfirði)



Óskar 1 vélstjóri.



Addi 2 kokkur slakar á eftir uppvask og frágang í borðsalnum.



Dúlli í Brekku háseti. (Set þetta nafn með af þeirri ástæðu að þekkja ekki annað)



Gummi var háseti í þessum beit túrum.



Gunni Jóns háseti (Gunnar Jónsson er bróðir Guðmundar Jónssonar seinna skipstjóri á Júní GK og Venusi. Guðmundur var 2 stýrimaður á Maí á þessum tíma. Báðir miklir öðlingar.)



Bjarni háseti.



Sverir í forgrunni, Dúlli og Hilmar. Slakað á í siglingunni til Þýskalands.



Hilmar Aðalsteinsson háseti (látinn)



Davíð háseti - með pípuna.



Maðurinn á hvítu peysunni var kallaður Jói (Jóhann?) háseti. Höfundur (Konráð Rúnar) innst.





Gunni Jóns og Nonni (Jón að vestan) hásetar.



Skari Ólafsson háseti. Myndin er tekin skömmu eftir að tollinum var úthlutað. Vanalega gert eftir að búið var að beygja fyrir Garðskaga.



Þessi ágæti ungi maður kom um borð er Maí kom við í Vestmannahöfn í Færeyjum til að taka þar ís og var með okkur seinni beit túrinn og siglinguna sem í hönd fór og yfírgaf skipið Hafnarfirði.

Hvað maðurinn heitir vissi ég aldrei né hvers vegna hann kom um borð. Halli Am skipstjóri bara tók hann með. Hef hvorki hitt hann né séð frá þessum tíma.

**Takk strákar, fyrir samveruna og ánægjuleg kynni.**

---

**Útgerð:**  
**Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**  
**Smíðaður í Þýskalandi.**  
**Kom til Hafnarfjarðar í maí 1960.**  
**Áhafnar meðlimir 32.**  
**Seldur til Noregs 1977.**  
**Lagt: 2001.**  
**Settur í brotajárn 2003.**


---

**Maí GK 346 kemur nýr.**



**Maí GK 346**

18 maí 1960 kom togarinn Maí GK 346 í fyrsta sinn inn til Hafnarfjarðar. Fánar voru strengdir í afturmastrið og frá brú í formastrið og þaðan fram á bakka.



Maí GK 346

Maí á góðviðrisdegi í maímánuði árið 1960. Myndin tekin frá líklega Sundhöll Hafnarfjarðar. Að koma togarans til Hafnarfjarðar skildi vera í maímánuði var ekki tilviljun.



Maí GK 346. Ýmis sjónarhorn sýnd.



Maí GK 346 18 maí 1960

Mikill mannfjöldi tók á móti þessu miklu skipi eins og sést vel á þessari mynd.

Einhverstaðar í hópunum stendur strákur (höfundur) á sjötta ári og fylgist spenntur með.

Um kvöldið 18 maí 1960 voru landfestar leystar og öllum viðstöddum boðið í stutta siglingu út á flóann. Allmargir þáðu boðið. Snérist enda líf hafnfirðinga um skip og báta, aflbrögð og fiskvinnslu í landi.



Maí GK siglir rólega í átt að Gömlu bryggjunni í Hafnarfirði, en svo var þessi bryggja kölluð meðal bæjarbúa, og stutt eftir í að mennirnir framá kasti kastlínu í land og bryggjukarlarnir dragi til sín fastsetningar tóið og komi fyrir á bryggjupolla og strákarnir byndi skipið.

Mikil eftirvænting var á meðal fólksins. Hafði enda margt af því fylgst grannt með fréttum af þessari nýsmíði í Þýskalandi sem nú kom siglandi fánum prýtt. Gamla bryggjan rúmaði vart fleira fólk. Svo mikil var áhuginn fyrir komu togarans í maí árið 1960 líkt sjá má á efri myndinni. Togarinn jók bjartsýni bæjarbúa og er af sem áður var er nýsmíði skipa þykja litlum og engum tíðindum sæta. Enda viðmið fólks önnur þá en nú.

Skipstjóri: Benedikt Ögmundsson.



Maí GK 346

Maí kemur inn til Hafnarfjarðar úr sínum fyrsta túr.

Benedikt Ögmundsson (fyrsti skipstjóri Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar) var með Maí nýjan og er hér að koma inn til löndunar í Hafnarfirði úr fyrstu veiðiferð skipsins. Um afla er því miður ekki vitað.



Maí GK 346

Á hverju ári fiskuðu íslensku togararnir gjarnan fyrir siglingu og sigldu þá ýmist til Þýskalands eða Englands.

Árið 1967, í vikunni fyrir páska, kom togarinn Maí til hafnar í Þýskalandi með 296 tonn í lestunum. Aflin seldist fyrir 363, 000 Þýsk mörk sem á þáverandi gengi og verðlagi var 8 milljónir og sjö hundruð þúsund krónur og var metsala.



Maí GK 346 Úr stóra túrnum

Á vordögum 1967 setti Maí vel í hann við austur Grænland og fyllti skipstjórinn skipið og tók túrinn 12 daga.

Hér má sjá pokann fljóta upp eftir eitt togið.

Myndin er úr bókinni " Mennirnir í brúnni "- sem út kom 1970



Maí GK 346 Úr stóra túrnum 1967

Sjá má að veiðin hefur verið gríðarleg og nær aflinn á dekkinu á milli lunninga og eins og dekkið ber. Allt fallegur karfi. Þaðan fór hann svo ofan í lestina.

Myndin er úr bókinni " Mennirnir í brúnni "



Maí GK 346 Úr stóra túrnum 1967

Þótt vel veiddist var samt reynt að vera með trollið í botni eins mikið og hægt var og hvergi slegið af. Mannskapurinn hefur sem sjá má þurft að taka hraustlega til hendinni til að ekki þyrfti að láta flatreka á meðan aflanum væri komið fyrir. Hér lagar skipstjórinn sig til á bleyðunni áður en trollinu er kastað.

Með samhentri áhöfn hefst þetta.


Myndin er úr bókinni “Mennirnir í brúnni.”



Maí GK 346 Úr stóra túrnum

Aflinn sem Maí kom með að landi á þessum vordögum 1967 var 585 tonn. Stærsti hlutinn var karfi en aðeins smáræði þorskur. Lestin var full upp í lúgur. Fiskur var á dekkinu og 100 tonn af dekkfarminum hæfur til vinnslu.

Myndin er úr bókinni “ Mennirnir í brúnni. “



Maí GK 346

Togarinn Maí veiddi oft við Grænland og togaði þá við Íslandina og setti oft vel í hann.

Í júní 1970 kom togarinn með vel yfir þrjú hundruð tonn af vænum þorski inn til Hafnarfjarðar af Grænlandsmiðum eftir um hálfmánaðar tús.

Myndin er úr bókinni “ Mennirnir í brúnni. “



Halldór Halldórsson skipstjóri í brúnni á Maí GK 346

Halldór Halldórsson fæddist í Hafnarfirði 2 júní 1928 og ólst þar upp. Hann stundaði sjó frá 16 ára aldri og var á sinni tíð talin í flokki yngri skipstjóra togaraflotans. Halldór lést í 1996 og var jarðsungen 31 júlí sama ár. Myndin er úr bókinni “ Mennirnir í brúnni. “





Maí GK 346

12 dögum eftir að landfestar voru leystar kom skipið til hafnar í Hafnarfriði með 585 tonn, eins og áður segir. Þessi mynd er reyndar ekki frá þeim viðburði heldur tekin við annað tækifæri

Myndin er úr bókinni “ Mennirnir í brúnni. “



Maí GK 346. Myndin er tekin 1968.

Í frostum eru íslensk skip oft þakin þykku lagi af ís. Sjóúðinn frýs og sest á allt sem fyrir er og vírar og rekkverk umbreytast í gildar súlur sem handleggir manns ná jafnvel ekki utan um. Ísmyndun er ávallt háskaleg sem mannskapinn leggur til atlögu við, líkt og myndin ber með sér.

Ís í of miklu magni raskar jafnvæghlutföllum skipsins.

Mörg skip hafa lotið í lægra haldi fyrir ísskáninni sem vill safnast utan á þau í frostum.



Maí GK 346

1977 horfðu hafnafirðingar í síðasta sinn á eftir þessu fagra skipi sem gert var út frá Hafnarfirði  
17 ár.

Það þótti vel við eigandi að fá Halldór Halldórsson til að sigla skipinu yfir til Noregs þar sem  
nýir eigendur tóku við því til síns brúks.



Maí GK 346 komin til Noregs

Eftir að til Noregs kom voru gerðar töluverðar breytingar á skipinu og flest sem áður minnti á  
togara fjarlæggt. Sjá má að gálgarnir eru horfnir og sömuleiðis pokabómurnar í formastrinu.



Maí GK 346

Breytingarnar taka óðum á sig sína mynd. Hvort Maí var í tengslum við norskan olúíðnað eða  
fékkst við annarskonar verkefni er höfundur ekki full kunnugt um. Sögur þar um voru alltaf  
svólítið á reiki og ekki gott að henda neinar reiður á þeim.



Maí GK 346 breyttur og " endurbættur. "

Fátt sem hér sést minnir á glæsiskipið sem sigldi heim frá Þýskalandi skreytt fánum í maí 1960 og fjöldi uppáklæddra hafnirðinga beið eftir að skoða, dást að og töluðu um. Búið er að setja á skipið nýja brú og byggja yfir dekkið.

Hér er í örfáum orðum rakin ferill skips sem aflaði mikið og var bústólpi í sínu bæjarfélagi í mörg ár.

Hve margir störfuð á síðutogaranum Maí á meðan Bæjarútgerð Hafnarfjarðar átti og gerði skipið út er ekki gott að segja. Undir skipstjórn Halldórs Halldórssonar, sem lengst var með þennan togara, voru margir árum saman um borð.

---

**Ávarp við komu togarans**

**Maí 18. maí 1960**

(Alþýðublaðið 12 júní 1960.)

Heim til Hafnarfjarðar,  
af hafi kominn,  
Skeið skartbúin.  
Vonarnafn ber  
og vor okkur færir,  
togari tignarlegur  
tákn grósku.

Maí, mjög fagur,  
megir þú njóta  
heilla á hafdjúpum  
og happa á miðum.  
Gnótt veiddu gæða  
og góðfiskjar.  
Vertu í Hafnarfirði  
hamingjugjafi.

Leiki um þig löngum  
ljúfur blærinn.  
Mót stormum stríðum  
stýrðu með þryði.  
Bylgjur Ránar  
og briggóttur Ægir  
veiti þér ætíð  
vináttu og gleði.

Styrkar hendur  
stjórna fari.  
Og langt skal haldið  
í leit til fanga.  
Mannval sé  
mætra drengja  
innanborðs  
á öllum stundum.

Farið heilir  
um fjarrar slóðir.  
Gifta fylgi  
þótt gangi á ýmsu.  
Komið heim

Til kærri vana,  
efldir að orku,  
að erfiðu loknu.

Bæjarútgerðin  
blómgist, stækki,  
hleypti af stokkunum  
hópi slíkra.  
Mannvirki margs konar,  
megi hún byggja,  
er farsæld auki  
og frambúðargengi.

Bjart er í dag,  
blómin spretta.  
Fögnuður ríkir,  
fram tíð við hyllum.  
Maí er kominn,  
mjög því gleðjast,  
Hafnfirðingar  
og hrósa sigri.  
(Höfundur: Hafnfirðingur)